

## 4. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun. Stjórn hans skipa: Skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands, sem er formaður, yfirkennari skólans, forstöðukona Landspítalans, sú hjúkrunarkona Landspítalans, sem þar er elzt í starfi hverju sinni og forstöðukona Kleppspítalans.

Sjóðsstjórnin skal annast úthlutun úr sjóðnum. Hún heldur gerðabók um sjóðinn, reikninga hans og annað, er varðar hag sjóðsins og starf.

## 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjóðsstjórnin birta endurskoðaða ársreikninga í skýrslum Hjúkrunarskóla Íslands, þegar þær eru gefnar út.

Endurskoðendur reikninga Hjúkrunarskóla Íslands endurskoða reikninga sjóðsins.

## 6. gr.

Sjóðinn má efla með minningargjöfum og öðrum ráðum, er sjóðsstjórnin telur heppileg.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé hún einhuga um breytinguna.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

**S A M Þ Y K K T**

**fyrir Vatnsveitufélag Lækjamóta, Fáskrúðarbakka og Breiðabliks  
í Miklaholtshreppi.**

## 1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Lækjamóta, Fáskrúðarbakka og Breiðabliks. Heimili þess og varnarþing er í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu.

## 2. gr.

Markmið félagsins er að sjá býlum á félagssvæðinu fyrir vatni.

## 3. gr.

Stofnendur félagsins eru eigendur og ábúendur býlanna Lækjamóta, Fáskráðarbakka og Félagsheimilið Breiðablik.

Hver stofnandi greiði tvö þúsund krónur sem stofngjald.

## 4. gr.

Ábúendur nýrra býla á félagssvæðinu má taka í félagið með samþykki lögmæts aðalfundar. Nýr félagsmaður greiðir tvö þúsund krónur sem stofngjald. Þó getur aðalfundur ákveðið aðra upphæð, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Nýr félagsmaður verður að kosta allar framkvæmdir, sem gerðar verða sérstaklega, til að hann geti notað mannvirki félagsins.

## 5. gr.

Vatnsskatt skal innheimta eftir ákvörðun félagsstjórnar hverju sinni. Vatnsskatt má taka lögtaki, ef ekki er staðið í skilum. Eignir félagsins standa til full-

nægingar skuldbindingum þess. Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram þau gjöld, sem honum er gert að greiða samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

6. gr.

Félagsstjórn er skylt að boða til fundar, ef þrír félagar eða tveir stjórnarmenn krefjast þess, enda greini þeir tilefni kröfunnar.

7. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið löglega til hans boðað. Fundur er löglega boðaður, ef hverjum félagsmanni er tilkynnt fundarboð bréflaga eða persónulega með fimm daga fyrirvara. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt og ræður afl atkvæða úrslitum.

8. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boðað með viku fyrirvara, bréflaga eða persónulega. Aðalfundur er lögmætur ef allir félagsmenn sækja hann. Hafi þrisvar sinnum verið boðað til aðalfundar vegna ónógrar fundarsóknar, telst þriðji fundurinn lögmætur, hver sem fundarsókn er. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram reikningar af stjórn félagsins en hana skipa þeir þrír menn, sem áð félagsstofnun standa. Liggi önnur mál fyrir aðalfundi en venjuleg aðalfundarstörf, skal þess getið í fundarboði.

9. gr.

Stjórn félagsins skiptir með sér verkum. Störf stjórnar skulu ólaunuð. Formaður kveður stjórnina saman til fundar og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundir eru því aðeins lögmætir, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók stjórnarfunda og skal ritari stjórnarinnar lesa fundargerð í lok hvers fundar og undirrita hana, ásamt formanni, þegar hún hefur verið samþykkt.

10. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðgerðir og viðhald á vatnsveitunni. Viðhald heimæða og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér.

11. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta, nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði og séu að minnsta kosti  $\frac{2}{3}$  félagsmanna samþykkir þeim.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Lækjamóta, Fáskrúðarbakka og Breiðabliks í Miklaholtshreppi, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. desember 1966.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*